

Kennsluáætlun Líf 3A050 lífeðlisfræði.
3 bekkur T,U,XY haustönn 2012
Kennari Kristín Sigfúsdóttir

Kennsluhættir og verkefni:

Kennslan fer aðallega fram með fyrirlestrum og umræðum. Farið er yfir efni bókarinnar og ítarefni sem tengist því. Nemendur gera vinnubók þar sem valin verkefni eru tekin fyrir úr hverjum kafla. Kennari fer yfir vinnubækurnar jafnt og þétt yfir önnina, samkvæmt ákveðnu happdrættiskerfi. Frágangur og skil vinnubókar er hluti af vetrareinkunn. Vinnubókarvinnan verður nánar kynnt í kennslustund. Nemendur kryfja líffæri úr búfé í hópvinnu og skila skýrslu um krufninguna. Eitt stöðupróf verður tekið þegar farið hefur verið yfir 8. 2. og 3. kafla.

Námsmarkmið:

Að loknum áfangnum á nemandi að:

- geta lýst í máli og myndum gerð helstu líffæra og líffærakerfa.
- kunna skil á eðlilegri og afbrigðilegri starfsemi líffæra.
- geta gert grein fyrir grundvallaratriðum í vexti og þroska lífvera.
- sýnt hæfni við öflun upplýsinga og færni í að setja þær fram á skipulegan hátt.

Námsmat:

Skriflegt próf í annarlök gildir 70% af einkunn, vinnubók 15%, krufningarskýrsla 5% stöðupróf 10%. Vert er að benda á að einkunnir annarra námsþátta en skriflega prófsins gilda **því aðeins** að tilskilið lágmark náist í skriflega prófinu. Einkunnir fyrir verkefni lækka ef skil dragast.

Vinnubókin.

Vinnubókin þarf alltaf að vera tilbúin þegar dregnar eru út bækur til að fara yfir, 6-8 bækur hverju sinni. Bækur eru dregnar út annan hvern þriðjudag og skal öllum verkefnum skilað jafnt og þétt. Dregið er frá vetrareinkunn þegar bókum er ekki skilað á réttum tíma, eða ef verkefnin finnast ekki í bókinni við yfirferð. Verkefnin verða unnin í tímum og í heimavinnu.

Annað:

Nemendum sem orðnir eru 18 ára gefst væntanlega kostur á blóðflokkun á F.S.A. síðast í nóvember eða byrjun desember. Tilhögun hennar verður kynnt í upphafi annar.

Kennsluáætlun:

1. kafli: aðeins til upprifjunar, lauslega tekinn fyrir í inngangi að áfanganum 1 vika
8. kafli: Skynjun 2 vikur, bls. 205-232
2. kafli: Boðflutningur 2 vikur, bls. 39-62
3. kafli: Taugakerfið 2 vikur, bls. 63-100
- 10.kafli: Æxlun 2 vikur, bls. 251-292
4. kafli: Blóð og vessi 1 1/2 vika, bls.101-134
5. kafli: Temprun líkamsvökva 1 1/2 vika, bls.135-158
6. kafli: Næringarnám og melting ½ vika, bls.159-188, (upprifjun)
7. kafli: Efnaskipti og líkamshiti 1 vika, bls. 189-204
9. kafli: Stoðkerfi og vöðvar 1 vika, útdráttur bls. 233-249.

Með ósk um góða samvinnu í áfanganum
Kristín